

7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, gerir fjárhags- og starfsáætlanir, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd stjórnar, ræður að henni starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið í stofunni.

8. gr.

Til að sinna hlutverki náttúrustofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrufræðingarnir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripa sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Komi í ljós við rannsókn, verðmæti sem áður voru ókunn, ber rannsakanda að tilkynna réttihafa þess lands þar sem verðmætin eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. febrúar 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur umhverfissráðherra þann 19. febrúar 1998 staðfest svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar 1997-2017 er tekur til eftirfarandi sveitarfélaga: Andakílshrepps, Skorradalshrepps, Lundarreykjadalshrepps, Reykholtaldalshrepps og Hálsahrepps.

Frestað er staðfestingu á vegstæði Borgarfjarðarbrautar milli Flókadalsár og Kleppjárnreykja, þ.e. á veglinum 1 og 3 skv. frummatsskýrslum um mat á umhverfisáhrifum.

Svæðisskipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórna ofangreindra sveitarfélaga og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 19. febrúar 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.